

## **Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis 26. september 2023: Tillaga fulltrúa Samfylkingar um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar MSS23090114**

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta.

### **Greinargerð:**

Umhverfi Háaleitisbrautar í dag er afsprengi þess að hafa upphaflega verið hugsuð sem ein af aðal tengibrautum borgarinnar milli hinna stærri stofnbrauta. Götusniðið er þar af leiðandi talsvert breitt enda var gatan hugsuð sem 2+2 gata auk hliðargatna á kafla. Síðan hefur Háaleitisbraut þróast meira yfir í tengigötu fyrir íbúa í nærliggjandi hverfum sem þó fer um mikil og hröð bílaumferð.

Breyttri notkun og breyttum hugmyndum um eðli götunnar hafa fylgt fjölmargar minniháttar og fjölbreyttar breytingar. Nýleg dæmi eru til að mynda þrengingar á götunni á köflum til að bæta öryggi gangandi vegfarenda. Í praxis er gatan því í raun orðin 1+1 gata en með fjölmarga breiðari vegkafla og óskilgreind malbikuð svæði og hefur gatan því einkar slitrótt, grátt og óaðlaðandi yfirbragð.

Íbúaráðið leggur af þeim sökum áherslu á að mótuð verði framtíðarsýn um hvernig almenningsrími Háaleitisbraut geti orðið, og hvaða möguleikar til þróunar séu við götuna.